

SÍM fundur 4. september, 2023 kl. 16:00

Fundur í Hafnarstræti



Mætt voru: Anna Eyjólfsdóttir, Hlynur Helgason, Pétur Thomsen, Freyja Eilíf, Ingibjörg Gunnlaugsdóttir. Lísa, Þóra Löve, Soffía. Elísabet mætir 16:55. Freyja Eilíf ritar fundinn.

1. Hugmyndir stjórnarmanna vegna verkefna SÍM?

Kallað er eftir hugmyndir frá stjórnarmönnum að nýjum verkefnum:

- Grasrótarsýning: auglýst væri opið kall fyrir slíka samsýningu á Korpúlfsstöðum og sýningarnefnd sem Lísa væri með í henni myndir velja X marga. Freyja mun taka saman punkta varðandi þetta til að ræða á næsta fundi og er tilbúin til að annast verkefnið.
- Skiptimarkaður listamanna. Ónyttjamarkaður af listaverkum þar sem listamenn geta skipst á verkum.
- Endurtaka jólasýningu í desember í anda Jólamesunnar í Kirkjuhúsinu. Athuga með Landsbankahúsið og Tollhúsið.

2. Ný könnun á hagsmunum félagsmanna SÍM

Anna Eyjólfsdóttir ræðir það að endurtaka könnun líkt þeirri sem gerð var árið 2020 sem sé marktækari. Ákveðið er að athuga hvort að rannsóknarstofa skapandi greina gæti framkvæmt þessa könnun.

3. Vandamál vegna gestavinnustofa og vinnustofa fyrir félagsmenn

Ingibjörg deilir vandamáli vegna gestavinnustofa meðal stjórnarmanna. Gestavinnustofurnar á Seljavegi verða ekki starfræktar lengur en eitt ár í viðbót og ráðuneytið ætlaði að aðstoða SÍM við að finna nýtt húsnæði fyrir vinnustofurnar en nefndin sem á að sjá um þetta hefur aldrei komið saman og þar er heldur ekki búið að setja formann.

Forsendur þess að reka gestavinnustofur er sá að húsnæði sé frá ríkinu og að húsnæðið sé niðurgreitt.

4. Félagsfundur í haust. Ársskýrsla SÍM. Inntaka nýrra meðlima SÍM.

Auka aðalfundur verður haldin í lok september eða byrjun október, dagsetning kynnt með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Lagt verður fyrir hvort menntaðir sýningarstjórar eigi rétt á að sækja um aðild í SÍM. Hlynur Helgason mun taka saman punkta um þetta mál til að kynna á félagsfundum. Stjórn ræðir einnig einföldun á almennum skilyrðum fyrir inntöku. Dagsetning félagsfundar ákvörðuð síðar.

6. Stuttar kynningar á nýlegum fundum og heimsóknir:

- 1. Tillaga að lagabreytingu fyrir næsta aðalfund**
- 2. Fundur sem haldinn var með Hörpu Þórsdóttur kynntur**
- 3. Ráðning á skrifstofu**
- 4. [Arkiv.is](#), kynning á þróunarvinnu**
- 5. Önnur mál**

1. Tillaga að lagabreytingu fyrir næsta aðalfund.

– Hlynur Helgason kynnir lagabreytingu sem varðar að SÍM verði eingöngu hagsmunafélag og hætti samstarfi við BHM. Félagsmeðlimir muni geta sótt um í stéttarfélag Fræðagarðs. Að SÍM sé ekki samningsaðili myndlistarmanna heldur málsvari þeirra.

Stjórn samþykkir lagabreytingarnar með fyrirvara, en þær verða sendar út með aðalfundarboði 30. apríl.

Núverandi lög

1. grein

Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, er hagsmuna- og stéttarfélag myndlistarmanna.

3. grein

Tilgangur og markmið Sambands íslenskra myndlistarmanna er:

- að efla samtök myndlistarmanna og vera málsvari allra myndlistarmanna og samningsaðili þeirra.
- að bæta kjör og starfsgrundvöll myndlistarmanna, gæta hagsmuna þeirra og réttar.
- Samband íslenskra myndlistarmanna hlutast ekki til um listastefnur, stjórnmálaskoðanir eða trúarbrögð

Tillaga að nýjum lögum

1. grein

Samband íslenskra myndlistarmanna, SÍM, er hagsmunafélag myndlistarmanna.

3. grein

Tilgangur og markmið Sambands íslenskra myndlistarmanna er:

- að vera málsvari allra myndlistarmanna,
- að efla starfsgrundvöll þeirra og kjör,
- að gæta hagsmuna þeirra og réttar,
- að standa vörð um tjáningarfrelsi þeirra og höfundarétt,
- að vera virkur fulltrúi þeirra í alþjóðasamstarfi.

2. Fundur sem haldinn var með Hörpu Þórsdóttur kynntur

– Anna Eyjólfsdóttir kynnir. Hún hitti Hörpu til að spyrja hvort Þjóðminjasafnið myndi ekki vera frítt aðgöngu fyrir meðlimi SÍM. Það er verið að skoða.

3. Ráðning á skrifstofu

– Anna Eyjólfsdóttir kynnir ráðninguna. Margir hæfir sem sóttu um. En starfsmaðurinn sem var ráðinn sér fram á geta starfað á skrifstofunni næstu þrjú árin.

4. SÍM gestavinnustofur, verkefni í Búdapest og fleira

– Martynas Petreikis kynnir stöðuna á verkefninu.

Samstarfsaðilar í Búdapest vilja hefja verkefnið á næsta ári. Varðar fría dvöl og SÍM myndi sponsa fyrsta árið til að sjá hvernig þetta myndi ganga upp. Síðan verður sótt um styrk frá Goethe Institute fyrir þarnaesta ári.

Áður samþykkt af stjórn

– Martynas Petreikis kynnir verkefni sem Finnish Cultural Foundation vill hefja í SÍM gestavinnustofunum. Þau vilja leigja gestavinnustofudvöl fyrir sína listamenn, á Seljavegi. Munu leigja vinnustofuna í 6 mánuði. Hugmynd að þau greiði fyrir mentor staðsettan á Íslandi sem myndi vera til staðar fyrir listamennina þeirra. Einhver sem fengi 300.000 kr. á mánuði.

Stjórnin styður þessar hugmyndir

5. [Arkiv.is](#), kynning á þróunarvinnu

– Hlynur Helgason kynnir. Ný síða myndi heita *Listamannatal.is* og fólk mun setja sjálft inn myndir og efni. Hlynur spyr hvort við munum kaupa þessi tvö lén, listamannatal.is og icelandicartists.is.

Stjórn samþykkir þetta með því að það verði síðan hætt að greiða af arkiv.is á næsta ári.

6. Samkeppni um verk á aðalinngangi og útsvæði nýja Landspítalans.

– Ingibjörg Gunnlaugsdóttir kynnir.

Varðar útilistaverk á Sóleyjartorgi sem er við aðalinnganginn á Landspítalanum. Landspítalinn vill bara eina auglýsingu þrátt fyrir að þetta sé stórt svæði. Allir faglærðir listamenn geta sent inn tillögu um að vera teknir inn í forvalið. Forvalsnefnd velur listamenn sem fá 600.000 krónur til að útfæra hugmyndina. Það er ekki búið að klára samkeppnislýsinguna. Forvaldir listamenn munu fá þá lýsingu.

Bent á að margt sé óljóst í þessari auglýsingu og mætti vera orðað öðruvísi:

- Það er ekki tekið fram að verið sé að biðja um útilistaverk.
- Aðalinngangur tekinn fram, ætti það að vera inni- eða útilistaverk.
- Má senda nána lýsingu á verki, eða á að gera það?
- Krafa um reynslu af gerð útilistaverka gagnrýnd, þar sem það kemur í veg fyrir nýliðun.
- Mikilvægt að velja fulltrúa í dómnefnd sem sé opinn fyrir nýliðun í svona verkefni

Ný tillaga að auglýsingu verður send til NLSH en auglýsingin kemur svo aftur til stjórnar til samþykkis áður en hún er send út.

Nýr Landspítali - Samkeppni um gerð listaverka

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) auglýsir eftir fagmenntuðum myndlistarmönnum til að taka þátt í forvali að lokaðri samkeppni um gerð listaverka á Sóleyjartorgi við nýja Landspítalann í Reykjavík. Samkeppnissvæðið er aðaladkomutorg meðferðarkjarnans, auk aðkomu að anddyri byggingarinnar. Nær Sóleyjartorgið frá aðalbyggingu gamla Landspítalans yfir að Burkna götu.

Lögð er áhersla á að listaverkin verði hluti af heildarhönnun almenningsrýma í kringum nýja Landspítalann og verði áberandi kennileiti svæðisins.

Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggskreytingar, lágmyndir, höggmyndir og aðra listræna fegur. Þá getur listaverkið verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingu eða umhverfi hennar.

Rétt til að sækja um í forvali hafa allir fagmenntaðir myndlistarmenn. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í samkeppninni, sendi inn umsókn um þátttöku á netfangið trunadur@nlsh.is. Í umsókninni skal gera grein fyrir áhuga á verkefnum, forsendum og hæfni til að útfæra varanleg útlitaverk auk lauslegrar hugmyndaðar fyrirhuguðu verki/verkum. Heimilt er að senda inn stuttan texta þar sem er fjallað um grunnhugmynd að efnistöku í fyrirhuguðu listaverki eða aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að geti styrkt umsóknina. Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum.

Samkeppnin mun fara fram eftir samkeppnisreglum Sambands íslenskra myndlistarmanna (SÍM), lokað samkeppni með opnu forvali. Í fyrsta áfanga mun forvalsnefnd velja úr innsendum umsóknum fimm myndlistarmenn til þess að taka þátt í samkeppninni. Þeir listamenn sem valdir verða til þátttöku í lokaða hluta samkeppninnar fá greiddar kr. 600.000.- án vsk. fyrir að skila inn vel útfærðri tillögu að listaverki/listaverkum. Ásamt efnistöku, kostnaðaráætlun og tæknilegri útfærslu. eða tækile.



Dórnefnd mun síðan velja eina eða fleiri tillögur til endanlegrar útfærslu. Dórnefnd er heimilt til að velja eða hafna öllum tillögum.

Við val á listamönnum verður haft að leiðarljósi að tillögurnar styðji það markmið að myndlist verði veigamikill og áferandi hluti umhverfis og mannlífs í og við nýja Landspítalann og að listaverkin stuðli að því að skapa örvandi umhverfi fyrir alla aldurs- og þjóðfélagshópa, sjúklinga og starfsmenn.

Umsóknir um þátttöku í samkeppninni verða að hafa borist fyrir kl.....

Öllum umsækjendum í forvalshluta samkeppninnar verður svarað fyrir

Nánari upplýsingar um byggingarverkefni Nýs Landspítala á Hringbraut má finna á www.nlsh.is.